



Hjálparstarf kirkjunnar
actalliance

Fjárlaganefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 4. október 2024

Efni: Umsögn Hjálparstarfs kirkjunnar um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2025

Í þingsályktun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands fyrir árin 2024-2028 segir að alþjóðleg þróunarsamvinna gegni lykilhlutverki við úrlausn áskorana sem heimurinn stendur nú frammi fyrir og ógna ekki aðeins framgangi heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna heldur hafi árangri síðastliðinna áratuga verið stefnt í hættu. Þróunarsamvinna stuðli að aukinni velsæld, sjálfbærni og jöfnuði sem getur af sér stöðugleika, allri heimsbyggingu til hagsbóta.

Í ályktuninni er lagt til að framlag til þróunarsamvinnu verði 0,37% af vergum þjóðartekjum árið 2025, 0,40% árið 2026, 0,43% árið 2027 og 0,46% árið 2028. Í ályktuninni segir:

„Hækkandi framlög skili sér til fátækustu ríkjanna enda stefni íslensk stjórnvöld að því að ná markmiði Sameinuðu þjóðanna um að veita a.m.k. 0,15–0,2% af VÞT til fátækustu landanna. Stuðningur íslenskra stjórnvalda við mannúðaraðstoð og uppbyggingu í Úkraínu verði ekki á kostnað fátækari ríkja og komi áfram til viðbótar við framlög til þróunarsamvinnu.“

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2025 virðist hins vegar gert ráð fyrir að öll hækkun á framlögum til þróunarsamvinnu muni renna til mannúðaraðstoðar í Úkraínu. Sú ráðstöfun er einnig í mótsögn við þingsályktun um stuðning við Úkraínu:


„Við ákvörðun upphæðarinnar er nauðsynlegt að hún komi til viðbótar og í samhengi við framlög til utanríkis- og varnarmála almennt og framlög til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands, líkt og kemur fram í þingsályktun um stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands fyrir árin 2024–2028, nr. 5/154.“

Um leið og Hjálparstarf kirkjunnar fagnar áætlunum um að 0,37% af VÞT skuli varið til þróunarsamvinnu árið 2025 þykir okkur miður að viðbótarframlagi verði ekki varið til þróunarsamvinnu í fátækustu ríkjunum heldur til mannúðaraðstoðar í Úkraínu sem, eins og að ofan greinir, stóð til að kæmi til viðbótar við framlög til þróunarsamvinnu. Af leiðir að framlög til annarra liða í þróunarsamvinnu standa í stað eða lækka. Það er ekki í takt við ofangreindar þingsályktanir.

Virðingarfyllt,

Hjálparstarf kirkjunnar


Framkvæmdastjóri


Verkefnastjóri erlendra verkefna

✓